

Samningur
milli
Starfsgreinasambands Íslands
og
Bændasamtaka Íslands
um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum

Gildistími 1. maí 2008 til 30. nóvember 2010

Samningur milli Starfsgreinasambands Íslands og Bændasamtaka Íslands um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum skv. 1.gr. samningsins.

1. gr. Samningssvið

Samningur þessi nær til starfsmanna sem vinna við almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum, sjá fylgiskjal I. Auk þess falla ráðskonur/matráðar á bændabýlum undir samninginn. Samningurinn nær ekki til þeirra starfsmanna sem starfa við ferðaþjónustu eða aðra starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda skilgreiningu. Starfsmenn, sem starfa við ferðaþjónustu í smærri stíl, geta þó fallið undir gildissvið samningsins enda sé það samþykkt af hálfu viðkomandi stéttarfélags.

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins (SA) og Starfsgreinasambands Íslands (SGS) vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi skal gilda fyrir ferðaþjónustubændur.

2. gr. Launakjör

Laun skulu miðast við 10. launaflokk í launatöflu Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Við mat á starfsaldri til launa telst 22 ára aldur jafngilda eins árs starfi í starfsgrein. Við röðun í launatöflu skal starfsaldur í greininni jafnframt metin til hækkunar í launatöflu.

| | Byrjun | 1 ár | 3 ár | 5 ár | 7 ár |
|-----------------|---------|---------|---------|---------|----------|
| Launaflokkur 10 | 152.711 | 154.500 | 156.316 | 158.159 | 160.030 |
| Dagvinna | 881,04 | 891,36 | 901,84 | 912,47 | 923,27 |
| Yfirvinna | 1585,90 | 1604,48 | 1623,34 | 1642,48 | 1661,91 |
| Stórhátíðarkaup | 2099,78 | 2124,38 | 2149,35 | 2174,69 | 2200,411 |

Laun þessi miðast við að unnið sé í dagvinnu.

Virkur vinnutími í dagvinnu á viku skal vera 37 klst. og 5 mín. og skal vinnutíma hagað sem hér segir:

- kl. 07:55 – 17:00 mánudaga til föstudaga.
- kl. 07:30 – 16:35 mánudaga til föstudaga.

Samningsbundin yfirvinna hefst þegar lokið er umsaminni dagvinnu, 7 klst. og 25 mín. virkum vinnustundum á ofangreindu tímabili. Fyrir vinnu á laugardögum, sunnudögum og öðrum samningsbundum frídögum greiðist yfirvinnukaup. Vinna umfram 173,33 dagvinnustundir á mánuði skal greidd með yfirvinnukaupi. Sé unnið á dögum sem skilgreindir eru sem stórhátíðardagar í aðalkjarasamningi SGS og SA skal greiða starfsmönnum stórhátíðarkaup.

Heimilt er að haga dagvinnutíma með öðrum hætti, sbr. 5. kafla um fyrirtækjapátt kjarasamninga í aðalkjarasamningi SGS og SA, ef vinnuveitandi og starfsmenn koma

Handwritten signatures and initials: EB, JB, A, RKP, +V.

sér saman um það. Þó skal dagvinna hvers starfsmanns unnin með samfelldri vinnuskipan á degi hverjum og aldrei hefjast fyrr en kl. 07:00.

Í sértökum tilvikum er heimilt að semja um rofinn vinnutíma ef skipulag búreksturs krefst slíks, sbr. 2. mgr. 12. gr. Sé það gert skal dagvinna ekki hefjast fyrr en kl. 07:00 og eigi standa lengur en til kl. 19:00. Dagvinna getur þó ekki staðið lengur en 7 klst. og 25 mín. (virkar vinnustundir) á þessu tímabili.

Upphaf dagvinnu hvers starfsmanns skal ákveðið í ráðningarsamningi hans og verður ekki breytt nema að undangenginni uppsögn eða með samkomulagi.

Aldursþrep ungmenna undir 18 ára miðast við fæðingarár.

Grunnlaun unglinga skulu vera sem hér segir:

17 ára kr. 145.075 á mánuði, eða 95% af byrjunarlaunum.

16 ára kr. 137.440 á mánuði, eða 90% af byrjunarlaunum.

15 ára kr. 114.533 á mánuði, eða 75% af byrjunarlaunum.

14 ára kr. 99.262 á mánuði, eða 65% af byrjunarlaunum.

3. gr. Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár er:

Á árinu 2008 kr. 44.100.

Á árinu 2009 kr. 45.600.

Á árinu 2010 kr. 46.800.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008 verði orlofsuppbót kr. 24.300.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 verði orlofsuppbót kr. 25.200.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2010 verði orlofsuppbót kr. 25.800.

Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði.

Á árinu 2008 kr. 38,00 á klukkustund.

Á árinu 2009 kr. 39,33 á klukkustund.

Á árinu 2010 kr. 40,33 á klukkustund.

Við starfslok skal gera upp áunna desember- og orlofsuppbót starfsmanns.

Um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta vísar að öðru leyti til kjarasamnings SGS og SA.

4. gr. Launahækkunir

Laun skulu hækka með sambærilegum hætti og kveðið er á um í aðalkjarasamningi SA og SGS. Þann 1. mars 2009 hækkar launataflan um kr. 13.500 og aftur 1. janúar 2010 um kr. 6.500.

3

EB
EB

KL
FB

Að öðru leyti vísast í ákvæði í aðalkjarasamningi SA og SGS um launaþróunartryggingu og launabreytingar.

5. gr. Orlof

Lágmarksorlof skal vera 24 virkir dagar miðað við fullt starf allt árið. Orlofslaun skulu vera 10,17% af öllu kaupi, hvort sem er fyrir dagvinnu eða yfirvinnu.

Starfsmaður, sem unnið hefur 5 ár í sama fyrirtæki eða 10 ár í sömu starfsgrein, skal eiga rétt á orlofi í 25 virka daga og orlofslaunum sem nema 10,64%. Með sama hætti öðlast verkafólk, sem unnið hefur 10 ár hjá sama fyrirtæki, 29 daga orlofsrétt og 12,55% orlofslaun (Rétturinn tekur gildi 1. maí 2008 þannig að hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma en dagurinn kemur til töku á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2008). Hinn 1. maí 2010 lengist rétturinn eftir 10 ára starf í sama fyrirtæki í 30 daga og orlofslaun verða 13,04%.

Um orlof vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings SGS við SA.

6. gr. Bústjóri/Staðgengilsstörf

Sé starfsmanni falin ábyrgð á búrekstri skal samið við hann sérstaklega um kaup og kjör.

Leysi starfsmaður yfirmann af tímabundið skal samið um þóknun fyrir aukna ábyrgð. Hér er t.d. átt við afleysingar, s.s. vegna sumarleyfa eða veikinda yfirmanna.

7. gr. Vinna unglinga á vinnuvélum og tækjum

Vinnuveitandi ábyrgist að fela unglungi einungis störf sem hann hefur aldur, færni og réttindi til að leysa af hendi. Hann skal gera unglingnum ljósa grein fyrir slysa- og sjúkdómahættu sem kann að fylgja starfinu og sjá um að starfsmaður fái nauðsynlega leiðsögn og þjálfun í að vinna störf sín á þann hátt að honum starfi ekki hætta af.

Unglingar skulu hafa sótt námskeið í meðferð og stjórnun þeirra vinnuvéla sem þeim er falið að vinna á. Um vinnu barna og unglinga gildir reglugerð nr. 426/1999.

8. gr. Frídagar

Starfsmaður á rétt á 8 frídögum á mánuði, þar af a.m.k. tvívegis um helgi. Að öðru leyti vísast í lög og reglur um vinnu og hvíldartíma starfsmanna.

9. gr. Fæði og húsnæði

Að jafnaði skal vista starfsmenn í eins manns herbergjum. Herbergi skulu vera nægilega rúmgóð og læsanleg með góðri loftræstingu og vel upphituð. Í hverju herbergi skal, auk almenns búnaðar, vera lesljós yfir svefnstæði og myrkvunargluggatjöld. Hver starfsmaður skal hafa læsta geymslu fyrir föt og aðra persónulega muni, aðgang að bað- og hreinlætisaðstöðu, hlífðarfatageymslu og aðstöðu til þurrkunar á vinnufatnaði. Húsnæði skal hafa hlotið samþykki byggingarnefndar sem íbúðarhúsnæði.

Húsnæði skal vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast og starfa hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af, sbr. og lög nr. 7/1998, um

4
ES
JB
NTAB
RL
JP

hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og rgl. nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Hafi starfmaður fæði, húsnæði og þjónustu á viðkomandi búi, skal samið um endurgjald í ráðningarsamningi og dregst sá kostnaður frá útborguðum launum. Sömu reglur gilda ef starfsmaður/ráðskona er með barn/börn á sínum vegum á viðkomandi búi, 12 ára og yngri.

Hámarksendurgjald fyrir þessa þjónustu skal koma fram í útgefnum kaupþöxtum á hverjum tíma, sjá fylgiskjal II.

10. gr. Starfsmenntun

Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að auka starfsmenntun þeirra sem falla undir samninginn. Hvor aðili um sig skal skipa tvo menn í nefnd sem ætlað verði að framfylgja þessu ákvæði. Atvinnurekandi skal greiða 0,2% af launum starfsmanna í starfsmenntagjald til Landsmenntar, fræðslusjóðs verkafólks og atvinnurekenda á landsbyggðinni eða Starfsafls, starfsmenntar Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins.

11. gr. Aðbúnaður og öryggi á vinnustað

Vinnuveitandi skal leggja starfsmönnum til vinnufatnað og skófatnað eftir þörfum og eðli vinnunnar.

Um öryggisbúnað, aðbúnað og hollustuhætti er að öðru leyti vísað til 7. kafla aðalkjarasamnings SGS og SA, laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerða og reglna sem af þeim leiða.

12. gr. Ráðningarsamningur

Gera skal skriflega ráðningarsamninga við alla starfsmenn sem ráðnir eru samkvæmt samningi þessum, innan mánaðar frá ráðningu, enda standi ráðning þeirra lengur en einn mánuð. Breytingar á ráðningarkjörum skal staðfesta með sama hætti.

Í ráðningarsamningi skal koma fram ef sérstaklega er samið um vinnutíma, sbr. 2. gr. Þannig skal í ráðningarsamningi tilgreint og útfært sérstaklega ef um hlutavinnu er að ræða eða ef skipulag búreksturs krefst þess að samið sé um rofinn vinnutíma. Orlofs- og desemberuppbót skal greidd í samræmi við starfshlutfall starfsmanns. Sé samið um rofinn vinnutíma skerðir það ekki rétt til orlofs- og desemberuppbótar.

Um innihald ráðningarsamninga vísast að öðru leyti til aðalkjarasamnings SA og SGS.

13. gr. Endurhæfingarsjóður

Atvinnurekandi skuldbindur sig til að greiða sérstakt 0,13% launtengt gjald, Endurhæfingargjald, á sama stofn og iðgjald til lífeyrissjóða, frá 1. júní 2008. Að öðru leyti vísast til yfirlýsingar SA og ASÍ um Endurhæfingarsjóð frá 17. febrúar 2008.

14. gr. Um ágreining

5
EB
EB
AAB
RL
T.P.

Verði ágreiningur um mál, sem rísa af samningi þessum, skal honum vísað til lausnar hjá Bændasamtökum Íslands og Starfsgreinasambandi Íslands.

15. gr. Önnur atriði

Ákvæði aðalkjarasamnings SGS og SA skal gilda um réttindi og skyldur vinnuveitenda og starfsmanna að öðru leyti en kveðið er á um í samningi þessum.

16. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. maí 2008 til 30. nóvember 2010 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Falli aðalkjarasamningur SGS og SA úr gildi á tímabilinu, sbr. samningsforsendur skv. 21. gr. kjarasamnings SGS og SA frá 17. febrúar 2008, fellur samningurinn sjálfkrafa úr gildi.

Reykjavík 28. maí 2008

**Fh. Starfsgreinasambands Íslands
með venjulegum fyrirvara**

Ása Stein A Baldur
Kongur h. Kongsu
Hálsa
Hjóna Petrusdóttir

**Fh. Bændasamtaka Íslands
með venjulegum fyrirvara**

Eirh Blöndal
Frjá Bjarnd

Fylgiskjal I

Undir búrekstur fellur hvers konar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt og ylækt. Einnig eftirfarandi starfsemi, fari hún fram á lögbýlum: Eldi og veiðar vatnafiska, nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta.

Fylgiskjal II

Aðilar framangreinds samnings eru sammála um að hámarksgreiðsla fyrir fæði og húsnæði skuli á samningstímabilinu vera sem hér segir:

| | | |
|-----------------|-----------------|----------------|
| 18 ára og eldri | Fæði og húsnæði | 1. 739 kr./dag |
| 16 – 17 ára | Fæði og húsnæði | 1.348 kr./dag |
| 15 ára | Fæði og húsnæði | 1.145 kr./dag |
| 14 ára | Fæði og húsnæði | 1.077 kr./dag |

Hámarksfrádráttur vegna barna ráðskonu/starfsmanna 0 – 13 ára:

| | | |
|-----------|-----------------|---------------|
| Eitt barn | Fæði og húsnæði | 607 kr./dag |
| Tvö börn | Fæði og húsnæði | 995 kr./dag |
| Þrjú börn | Fæði og húsnæði | 1.372 kr./dag |

MAAB
RK
A.
FP.
EB
FB